

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Deiliskipulag fyrir Háholt 4.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti á fundi sínum þann 14. desember 2005 tillögu að deiliskipulagi fyrir Háholt 4 í Mosfellsbæ í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Samkvæmt deiliskipulaginu er lóðin stækkuð og verður heimilt að innrétta allt að fimm íbúðir í núverandi húsi, jafnframt því sem heimilt verður að reisa 3ja hæða hús á lóðinni með níu íbúðum.

Breyting á deiliskipulagi frá Reykjalandarvegi að Húsadal, vegna B- húsagötu.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti á fundi sínum þann 29. desember 2005 tillögu að breytingu á deiliskipulagi frá Reykjalandarvegi að Húsadal, vegna B-húsagötu í Mosfellsbæ, í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Breytingin felst í því að lóðirnar nr. 8 og 10 verða sameinaðar (verða nr. 8) og verða samtals 1.386 m² og lóðin nr. 6 er stækkuð úr 1.145 m² í 1.433 m². Heimilt verður að byggja allt að 300 m² íbúðarhús á lóðunum. Byggingarreitur á lóðinni nr. 4 er stækkaður til vesturs og snúningshaus við enda B-húsagötu verður breytt.

Breyting á deiliskipulagi frá Reykjalandarvegi að Húsadal, vegna Reykjaborgar.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti á fundi sínum þann 1. febrúar 2006 tillögu að breytingu á deiliskipulagi frá Reykjalandarvegi að Húsadal vegna Reykjaborgar í Mosfellsbæ í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Breytingin felst í því að heimilt verður að byggja tvö hús á lóð Reykjaborgar og skipta lóðinni í tvær.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulögin öðlast þegar gildi.

Mosfellsbæ, 22. febrúar 2006.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.